

Ný byggingarreglugerð – litlar íbúðir og aðgengi

Mannvirkja
stofnun

Björn Karlsson
Mannvirkjastofnun



Yfirlit

1. Bakgrunnur
2. Grunnkröfur, markmið og stefna
3. Samanburður við önnur Norðurlönd
4. Lágmarksstærðir íbúða
5. Áframhaldandi vinna



Bakgrunnur: Lög um mannvirki

- Nefndir til að endurskoða lög skipaðar 2002
- Sérstakur ráðgjafarhópur skilar drögum 2006
- Víðtækt og endurtekið umsagnarferli
- Frumvarp á Alþingi 2007, 2008 og 2010
- Ný lög um mannvirki #160/2010 tóku gildi 1. janúar 2011
- Eftirlitskerfið: Allir aðilar með gæðakerfi, faggiltar skoðunarstofur skoða skv skoðunarhandbókum, gátlistum, öll gögn í miðlægum gagnagrunni, osfrv



Bakgrunnur: Byggingarreglugerð

- Þriggja manna nefnd (verkfræðingur og 2 arkitektar) skipuð í mars 2010, ásamt þremur starfsmönnum
- Tillaga um kaflaskipti nýrrar reglugerðar og vinnuhópa var samþykkt af helstu hagsmunaaðilum og ráðherra í maí 2010
- Kaflaskipti: fyrsta tillaga var unnin með hliðsjón af reglugerðum Norðurlandanna
- 8 vinnuhópar voru skipaðir til að vinna texta kaflanna
- Tilnefningar: Samband íslenskra sveitarfélaga, Félag byggingarfulltrúa, Samtök iðnaðarins, Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, Byggingafræðingafélag Íslands, Skipulagsstofnun, Öryrkjabandalag Íslands
- Um 60 manns, ca 8-10 í hverjum vinnuhópi

Ferli ritunar reglugerðarinnar

- Febrúar 2012, byggingarreglugerð nr. 112/2012 tekur gildi, leyft að nota eldri reglugerð tímabundið
- Mjög hörð gagnrýni strax á orkunýtingarkröfur, kröfur um aðgengi og ósveigjanleika 9. hluta um brunavarnir
- Einnig óánægja með almenna um vöntun á sveigjanleika, t.d. varðandi rýmisstærðir
- Staðhæfingar um mikinn kostnaðarauka vegna nýrra krafna
- Byggingarreglugerð er umfangsmikil, flókin, tekur mið af andstæðum hagsmunum, því eðlilegt að lagfæra þurfi í ljósi reynslu af framkvæmd

Efnisyfirlit byggingarreglugerðar

Hluti	Nafn hluta	Hluti	Nafn hluta
1	Almenn ákvæði	9	Varnir gegn eldsvoðum
2	Stjórn mannvirkjamála	10	Hollusta, heilsa og umhverfi
3	Faggilding, eftirlit og úttektir	11	Hljóðvist
4	Hönnuðir, byggingarstjórar og iðnmeistarar	12	Öryggi við notkun
5	Byggingarvörur	13	Orkusparnaður og hitaeinangrun
6	Aðkoma, umferðarleiðir og innri rými mannvirkja	14	Lagnir og tæknibúnaður
7	Útisvæði við mannvirki	15	Mengun frá mannvirkjum...
8	Burðarþol og stöðugleiki	16	Rekstur, viðhald og notkun - handbækur

Ferli ritunar reglugerðarinnar

- **Fyrsta breyting:** tók gildi í desember 2012, kröfur um aukna orkunýtingu dregnar tilbaka, rýmisstærðir gerðar sveigjanlegri
- **Önnur breyting:** tók gildi í apríl 2013, alger endurskoðun 9. hluta um brunavarnir, eftir vinnu með brunahönnuðum, SHS og fleirum
 - Orðin **Meginregla** og **Viðmiðunarregla** koma til sögunnar (í merkingunni markmiðsregla og forskriftarregla)
- **Priðja breyting:** tók gildi í apríl 2013, sveigjanleiki í 6. og 7. hluta aukinn (aðgengi), eftir vinnu með ÖBÍ, AÍ, VFÍ, TFÍ, SI, SÍS

Yfirlit

1. Bakgrunnur
2. Grunnkröfur, markmið og stefna
3. Samanburður við önnur Norðurlönd
4. Lágmarksstærðir íbúða
5. Áframhaldandi vinna



Grunnkröfur, íbúðir

- Í íbúðum skal vera hægt að sofa, fara á salerni, elda mat og þrifa sig, þessi grunnkrafa er sett í byggingarreglum allra vestrænna landa
- Er þetta forræðishyggja? Neytendavernd?
- Oft er krafan sett fram sem markmið (í eldhúsi skal vera hægt að koma fyrir ísskáp, eldavél, vaski og sinna matargerð), sjaldnar sem fermetrafjöldi
- Á Norðurlöndum er að auki sett fram krafa um geymslu í (eða tengt) íbúðarhúsnæði, og einnig sett fram krafa um aðgengi að öllum nýbyggðum íbúðum
- Hægt er að laga og breyta ýmsum ákvæðum í íslenskri byggingarreglugerð hvað þetta varðar



Aðgengi: Markmið og stefna

- Í nágrannalöndum eru markmiðin varðandi aðgengi helst tvennskónar
 - Markmið 1: um réttindi fatlaðra til aðgengis að hinu byggða umhverfi
 - Markmið 2: um að hægt sé að veita öldruðum, sjúkum og slösuðum þjónustu á eigin heimili, sem er talið gríðarlega þjóðhagslega hagkvæmt.



Stefna varðandi Markmið 1

- Þingsályktunartillaga Alþingis um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014 (samþykkt í apríl 2012).
 - „Stefna í málefnum fatlaðs fólks taki mið af alþjóðlegum skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fatlað fólk komi að stefnumótun og ákvarðanatöku í eigin málum.“
 - „Heimili, skólar, vinnustaðir, tómstunda- og íþróttamiðstöðvar, verslanir, opinberar byggingar og annað húsnæði sem almenningur á aðgang að skulu vera aðgengileg öllum út frá algildri hönnun samkvæmt lögum um mannvirki“.

Markmið 1

- Öll Norðurlönd fylgja markmiðinu um aðgengi fyrir alla að heimilum
- Útfærslan í byggingarreglugerðum er hinsvegar nokkuð mismunandi, stundum nokkuð þröng, með undantekningum
- Sum Evrópulönd hafa í staðinn markmið að ákveðinn hluti heimila skuli hafa aðgengi fyrir alla, t.d. England, þar sem 20% heimila skulu vera í blandaðri byggð og aðgengileg
- Á þeim 20% heimila er útfærsla gjarna “víð”

Nýjar aðgengiskröfur
gilda bara um nýja byggð



Yfirlit

1. Bakgrunnur
2. Grunnkröfur, markmið og stefna
3. Samanburður við önnur Norðurlönd
4. Lágmarksstærðir íbúða
5. Áframhaldandi vinna




Samanburðarrannsókn

- Mannvirkjastofnun (MVS) lét gera rannsókn þar sem um 60 ákvæði um aðgengi voru borin saman við sambærileg ákvæði í byggingarreglugerðum Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs
- Rannsóknin er í 60 síðna PowerPoint skjali (drög), var þýtt yfir á ensku og kynnt norrænum byggingaryfirvöldum
- Unnið er áfram með skjalið og reynt að fylla í þar sem upplýsingar vantar, rætt við AÍ, ÖBÍ, SI og fleiri
- Þarna eru möguleikar á breytingum, en first verður að fara fram greiningarvinna og náíð samráð

6.2.3 gr.(e)

Hallandi gönguleið að byggingum skal hafa láréttan hvíldarflöt við hæðaraukningu


land	Stærð í metrum	Hæðaraukning í metru
Ísland	1.8x1.8	0.6
Noregur	1.6x1.6	0.6
Svíþjóð	1.3x2.0 (leiðbeining)	0.5
Danmörk	1.3x1.3 (leiðbeining)	0.6
Finnland		
Bandaríkin		
Iso staðall	breidd 1.8 lengd 2.0	



6.2.3 gr.(f)

Gönguleiðir að byggingum, breidd gangstíga


land	metrar	
Ísland	1.6/1.8*	styttri en 5 m = 1.4m
Noregur	1.6	styttri vegalengdir = 1.4m
Svíþjóð	1.3 (leiðbeining)	
Danmörk	1.3	
Finnland		
Bandaríkin		
iso staðall	0.9-1.8 eftir umferð	
* 1.8 þar sem umferð er mikil		



6.2.6 gr.

Stærð á bílastæðum hreyfihamlaðra


land	metrar
Ísland	3.8x5.0
Noregur	4.5x6.0 (Vegvesen)
Svíþjóð	
Danmörk	3.5X5.0 (leiðbeining)
Finnland	
Bandaríkin	3.96x5.0
Iso staðall	3.9 x 5.4



6.4.2. gr.

Breidd inngangshurða/útihurða


land	metrar
	(hindrunarlaus umferð 0.83)
Ísland	0.9x2.10 (hurðarblað)
Noregur	0.9x2.00 (frí breidd)
Svíþjóð	0.8x2.00 (leiðbeining)
Danmörk	c:0.77, b:0.87, a:1.07
Finnland	
Bandaríkin	0.815
Iso staðall	0.8



6.4.2. gr.(a)

Utan við aðalinngangsdyr skal vera láréttur flötur

land	metrar
Ísland	1.80x1.80 *
Noregur	1.50x1.50 fyrir utan hurðarblað
Svíþjóð	
Danmörk	1.50x1.50 /170x150 ef hurð opnast út
Finnland	
Bandaríkin	1.53 opnast að, 1.22 opnast frá
Iso staðall	
*heimilt að víkja frá þessu á svalgangi ef gangurinn er a.m.k. 1.50 m breiður	



6.4.4.gr.(4.a)

Breidd ganga og svalganga í byggingum

land	metrar
Ísland	1.3/1.8*
Noregur	1.2=5 m og styttra 1.5 =30 m 1.8= yfir 30m
Svíþjóð	1.3 (leiðbeining)
Danmörk	1.0 og 1.3 fyrir framan hurðir (leiðbeining)
Finnland	
Bandaríkin	0.91
Iso staðall	

* Þar sem gangar eru mjórri en 1.5m skal vera mætingarsvæði hjólastóla 1.8x1.8m með mest 10 metra millibili



6.10.3 gr.

Gististarfsemi, hlutfall herbergja fyrir hreyfihamlaða

land	herbergi	
Ísland	1/5 (20%)	
Noregur	1/10 (10%)	
Svíþjóð		
Danmörk	1-5 rúm	1 f. hreyfih.
	6-10 rúm	2 f. hreyfih.
	11-30 rúm	4 f. hreyfih.
	31-40 rúm	5 f. hreyfih.
	80- rúm	10 f. Hreyfih.
Finnland		
Bandaríkin	1/20 (5%)	
Iso staðall		



6.10.4 gr.

Stúdentaíbúðir, hlutfall íbúða fyrir hreyfihamlaða

land	íbúðir	
Ísland	1/8 (12.5%)	
Noregur	1/5 (20%) (leiðbeining)	
Svíþjóð		
Danmörk	1-5 rúm	1 f. hreyfih.
	6-10 rúm	2 f. hreyfih.
	11-30 rúm	4 f. hreyfih.
	31-40 rúm	5 f. hreyfih.
	80- rúm	10 f. Hreyfih.
Finnland		
Bandaríkin	1/20 (5%)	
Iso staðall		



6.10.4 gr.

Frístundahús til útleigu með aðgengi fyrir alla

land	Hús/fjöldi	
Ísland	1/8 (12.5%)	
Noregur		
Svíþjóð		
Danmörk	1-5 rúm	1 f. hreyfih.
	6-10 rúm	2 f. hreyfih.
	11-30 rúm	4 f. hreyfih.
	31-40 rúm	5 f. hreyfih.
	80- rúm	10 f. Hreyfih.
Finnland		
Bandaríkin	1/20 (5%)	
Iso staðall		



Yfirlit

1. Bakgrunnur
2. Helstu markmið og stefna
3. Samanburður við önnur Norðurlönd
4. Lágmarksstærðir íbúða
5. Áframhaldandi vinna



Lágmarksstærðir íbúða

- Lágmarks flatarmál einsherbergis íbúðar er 30,7 m² nettó (var áður 36,2 m²), en ef geymsla og þvottarými er í sameign, þá er sjálf íbúðin 26,5 m².
- Í nágrannalöndunum er lágmarks flatarmál almennt á bilinu um 26-37 m².
- Miklar rannsóknir hafa farið fram um líðan og heilsu manna sem búa í þröngu húsnæði
- Taka ber mið af rannsóknum ef minnka á kröfur enn frekar

?Mjög áríðandi breytingar?

- Baðherbergi/salerni í litlum íbúðum: Taka burt kröfuna um 5m^2 lágmarksflatarmál, setja inn kröfu um 1,5 m snúningsþvermál
- Stúdentaíbúðir: Skoða vel kröfu um hlutfall íbúða/herbergja fyrir hreyfihamlaða
- Hótelherbergi, grein 6.10 3, krafa um að 1 af 5 herbergjum sé innréttað fyrir hreyfihamlaða, Noregur er með 1/10, eldri reglugerð með 1/8

Áframhaldandi vinna

- Mikill skortur á litlu og ódýru húsnæði á fasteignamarkaði og leigumarkaði
- Þetta gildir jafnt um Ísland sem önnur Norðurlönd
- Mjög mikill þrýstingur á stjórnvöld að laga allt regluverk þannig að hægt sé að byggja lítið og ódýrt, enda er það mikilvægt markmið
- MVS er með reglulegt samráði við ÖBÍ, AÍ, SI og fleiri til að skoða möguleika, viljum vera í góðu sambandi við þá sem eru að hanna

